

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada. Haustið 2014 kom geisladiskurinn DIALOGUS út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum með einleiksverkum í hennar flutningi, sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Haustið 2014 endurútgaf sama útgáfufyrirtæki tvöfaldan geisladisk, frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa báðir þessir diskar hlotið mikið lof gagnrýnenda.

Hlíf hefur mikinn áhuga á klassískri tónlistarfræðslu og uppeldi og kennir einkanemendum erlendis sem hérlendis.

Martin Frewer fæddist í bænum Dartford í úthverfi Lundúna og hóf að læra á píanó sex ára gamall í Dorset og nokkru síðar einnig á fiðlu. Hann stundaði nám í Oxford háskóla og útskrifaðist þaðan með gráðu í stærðfræði, en samtímis sótti hann fiðlutíma hjá Yfrah Neaman. Hann hélt áfram fiðlunámi í Guildhall School of Music & Drama í London hjá Yfrah Neaman og lærði þá einnig á víólu hjá Nannie Jaimeson.

Árið 1983 var Martin ráðinn til starfa hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur búið á Íslandi síðan. Hann hefur víða komið fram á einleiks- og kammertónleikum og er mjög laginn útsetjari.

Martin hefur jöfnum höndum nýtt stærðfræðikunnáttu sína og unnið að hönnun tölvuhugbúnaðar. Fyrir nokkru sagði hann starfi sínu lausu hjá Sinfóníuhljómsveitinni til að geta, auk vinnu við hugbúnaðargerð, einbeitt sér að hugðarefnum sínum, kammertónlist og útsetningum.

Hlíf og Martin skipa fiðludúóið *Duo Landon*, sem er kennt við hinn þekhta fransk-bandaríska fiðlu- og bogasmið Christophe Landon, en þau leika bæði á fiðlu frá honum. Árið 2012 kom út geisladiskur Dúósins, Íslensk fiðludúó, með verkum eftir sex íslensk tónskáld. Þar af voru þrjú verkanna samin að beiðni Duo Landon. Hlaut sá diskur m.a. fimm stjörnur hjá tónlistargagnrýnanda Morgunblaðsins.

Duo Landon

Hljóðmynd af 300 ára sögu fiðludúótónlistar

Hlíf Sigurjónsdóttir
Martin Frewer

Hólum í Hjaltadal 16. júlí 2017 kl. 16:00

Efnisskrá

Ítalía:

Carlo Tassarini da Rimini
1690–1766
kafli úr *Divertimenti da Camera a due violini* (Urbino 1740)

Luciano Berio
1925–2003
úr *Duetti per due violini* (1979-83)
Béla
Igor

Frakkland og Belgía:

Jean-Marie Leclair
1697–1764
úr *Sónötu ópus 3 númer 6 í D dúr*
Andante
Allegro

Charles Auguste de Bériot
1802–1870
úr *Concertant Duo ópus 57 númer 1*
Moderato

Þýskaland:

Georg Philipp Telemann
1681–1767
úr *Dúói í G dúr*
Largo misurato

Louis Spohr
1784–1859
úr *Dúó ópus 67*
Larghetto

Paul Hindermith
1895–1963
Fuge, langsam bewegt (1931)

Ungverjaland:

Béla Bartók
1881–1945
úr *44 Dúóum* (1931)
Söngur og dans frá Rúþeníu

Rússland (Frakkland):

Sergej Prokofieff
1891–1953
úr *Sónötu ópus 56 í C dúr* (1932)
Commodo (quasi Allegretto)

Pólland:

Grazyna Bacewicz
1909–1969
úr *Svítu fyrir tvær fiðlur* (1943)
Vivo

Ísland:

Þorkell Sigurbjörnsson
1938–2003
úr *Fiðlufrænkur – útsetningum á íslenskum þjóðlögum*
Ísland farsældar Frón
Yfir kaldan eyðisand
Dýravísur

Þjóðlög
Úr *Fiðludanslög úr Suður Þingeyjarsýslu* frá næstliðnum aldamótum. Páll H. Jónsson skráði og Martin Frewer útsetti fyrir fiðludúó.
Sextúr
Vals
Skottís

Martin Frewer
f. 1960
Don't awaken Winter (2016–17)